



4. maí 2010

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Það fer vel á því að skóli sem skartar einkunnarorðunum Látum þúsund blóm blómstra leggi sitt að mörkum til að bæta líf þurfandi barna svo þau eigi meiri möguleika á að blómstra í samfélagi manna. Þetta ætlar Selásskóli að gera með þátttöku í áheita verkefni UNICEF á Íslandi sem kallast UNICEF-hreyfingin.

UNICEF eða Barnahjálpar sameinuðu þjóðanna hefur í yfir 60 ár unnið að hjálparstarfi fyrir börn um allan heim. Verkefni sem UNICEF styður eru af ýmsum toga en meðal þess helsta er að útvega bólusetningar til barna í þróunarlöndunum, styðja heilsugæslu- og næringarverkefni fyrir börn, veita börnum menntun og veita vernd gegn ofbeldi, misnotkun og HIV/alnæmi.

UNICEF treystir eingöngu á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og ríkisstjórna. Söfnunarfé rennur þangað sem neyðin er mest hverju sinni.

Markmið Selásskóla með þátttöku sinni í verkefninu eru:

- Að fræða nemendur um mismunandi aðstæður barna um heim allan.
- Að auka skilning nemenda á mikilvægi samhjalpar.
- Að safna fé með samþykki foreldra/forráðamanna til að styðja börn sem búa við bág kjör og lakar aðstæður.

Leiðir til að ná markmiðunum með þátttökunni:

- Kennarar fræða nemendur um mismunandi aðstæður barna og mikilvægi samhjalpar í þemaviku sem helguð verður þessu efni. Nálgun kennaranna verður miðuð við aldur og þroska nemendanna.
- Nemendur safna áheitum (ekki skylda) úr sínu nánasta umhverfi vegna þrautadags í grenndarskógi skólans sem er við Rauðavatn. Þrautadagurinn í skóginum verður miðvikudaginn 12. maí. Þrautirnar sem nemendurnir glíma við eru 12 talsins. Þær verða af ýmsum toga en krefjast allar hreyfingar. Þegar nemandi hefur lokið þraut fær hann límmiða í apakver sem sannar að hann hafi lokið þraut.

Þeir foreldrar og/eða aðrir úr nánasta umhverfi sem vilja heita á frammistöðu barnsins á þrautadeginum velja áheitaupphæð fyrir hverja þraut. Ef foreldri vill styrkja UNICEF um 600 kr er áheitið 50 kr fyrir hverja þraut. Ef foreldri vill að heildarframlagið sé 1200 krónur er áheitið 100 kr fyrir þrautina. Að loknum íþróttadeginum kemur nemandinn heim með apakverið og þar sést hver mörgum þrautum var lokið.

Með þessu bréfi er hjálgt áheitaumslag. Að þrautadeginum loknum óskum við þess að nemandinn skili umslaginu í skólann með framlagi fjölskyldu sinnar. Einnig má skila umslaginu tómu en greiða í netbanka. Styrktarreikningur UNICEF er: 0515-26-102010 kt: 481203-2950. Vinsamlegast gefið þá upp nafn skólans með útskýringu á greiðslunni.

Við leggjum áherslu á að hver og ein fjölskylda tekur ákvörðun um hvort hún er aflögufær. Það er ekki skylda að heita á börnin því þátttaka án áheita er merki um góðan hug og samkennd og það er einnig mikil gjöf.

Stöndum saman um að búa til betri heim fyrir börn.

Með kærri kveðju  
Starfsfólk Selásskóla